

(gönguleið 9. bekkjar – árg. 1996)

Hólmaturgur 9. sept.

Veðrið var fínt þennan dag, ekki of heitt og ekki of kalt. Rútuferðin var ansi löng eða c.a. einn og hálfur tími. Það var býsna þröngt setið í mínu sæti því ég hafði ekki hugmynd um að ég hefði getað sett ofvaxinn bakpokann í farangurshólfið og var því með hann í fanginu. Þegar við komum



á áfangastað var labbað um 50 metra og þá var nestispása. Landvörðurinn sem við tókum upp í á leiðinni sagði okkur sögu á meðan við gæddum okkur á nestinu. Svo byrjaði gangan. Ég hafði spurt umsjónarkennarann minn hvort það væri mikið um brekkur og hóla þar sem ég er svo lofthrædd að ég get varla horft niður af minnstu smá þúfu án þess að fá taugaáfall. Mér var svarað að þetta væri mest sléttlendi en ég komst að því að svo var alls ekki. En sem betur fer náði ég að komast heil á geði í gegnum þessa ferð. Þegar við vorum hálfnuð komum við að á. Ég fór úr skóm og sokkum og bretti upp buxnaskálmarnar og bjóst við því að þetta yrði aðeins hressandi og gaman. Ég hafði rangt fyrir mér, áin var ísköld og grjót í botningum en þetta var svo sem fín reynsla. Eftir það byrjuðu smá skúrir svo ég fór í regnstakkinn minn góða og spennti aftur á mig gríðarstóra bakpokann. Þá komum við að Kallbjargi þar sem hópur af túristum var að skoða útsýnið. Nokkrir skólabræður mínir fóru að tala við þá á meðan við hin hlustuðum á landvörðinn. Eftir skamma stund er svo pikkað í öxlina á mér og ég spurð: „where are you from?“. Þá hafði einn skólabróðir minn aðeins séð stóra bakpokann, gula stakkinn og gönguskóna og sjálfsagt strax haldið að ég væri villtur túristi. Það var mikið hlegið að þessu það sem eftir var ferðarinnar sem var nú reyndar ekki svo mikið því 20 mínútum seinna vorum við komin á bílaplanið þar sem rútan beið eftir okkur. Þetta var gaman, góð reynsla og alveg ágætir göngufélagar! Hlakka til að labba aftur eitthvert á næsta ári.

Guðlaug Dóra Traustadóttir